



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík 2. júní 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.

Umboðsmaður barna vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 18. maí 2022, þar sem óskað er umsagnar vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036.

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 kemur fram að markmið í byggðamálum samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 sé m.a. að jafna aðgengi að þjónustu. Í byggðaáætluninni kemur fram að tryggja eigi íbúum, ekki sist börnum og ungmennum, aðgang að menningu, listum, íþróttum og öðrum tómstundum óháð búsetu og efnahag. Grípa á til aðgerða til þess að jafna aðgengi að þjónustu sem eiga m.a. að stuðla að jafnræði leik- og grunnskólabarna sem og framhaldsskólanemanda til náms og bæta aðgengi þeirra að þjónustu fagfólks. Í greinargerð kemur fram að fyrir barnafjölskyldur, börn og ungmenni skipti miklu máli að menntakerfið komi til móts við þarfir þeirra. Einnig kemur fram að með öflugri þjónustu verði tryggt að börn og unglingar sitji við sama borð hvað varðar menntun, óháð búsetu. Þá hafi samráð verið haft að leiðarljósi við gerð byggðaáætlunar.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2015, skal við undirbúning byggðaáætlunar veita almenningi kost á að koma sínum sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri í opnu samráðsferli. Það er mikilvægt að slíkt samráð nái einnig til barna og ungmenna. Tryggja þarf aðgengi þeirra að leiðum til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sérstaklega hvað varðar málefni er snúa með beinum hætti að þeim, líkt og aðgengi þeirra að þjónustu. Af greinargerð með þingsályktunartillögu þessari er ekki að sjá að samráð hafi verið haft við börn við undirbúning og gerð byggðaáætlunar og er það miður. Það hefði verið æskilegt að

byggðamálaráð sem leiddi vinnu við gerð byggðaáætlunar hefði staðið fyrir samráði við börn og ungmenni við mótun byggðaáætlunar, en þannig hefði verið hægt að tryggja aðkomu barna og ungmenna að gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036. Það er réttur barna að vera höfð með í ráðum og um leið skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Ungmennaráð sveitarfélaga geta komið með beinum hætti að slíku samráði og þá geta þau einnig gegnt lykilhlutverki við að upplýsa börn og ungmenni og hvetja þau til þess að taka þátt sömuleiðis. Samkvæmt 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007 skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð, en markmið þeirra er að gefa ungmennum kost á því að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 70/2007 er fjallað um mikilvægi aðkomu ungmenna að ákvarðanatöku og að hvetja eigi ungmenni til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Nemendaráð geta einnig haft aðkomu að samráði og ber til þess að líta að skólar gegna lykilhlutverki í því að efla börn til lýðræðislegrar þátttöku en fram kemur í lögum um grunnskóla að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna svo sem fötluð börn, börn með annað móðurmál en íslensku og aðra hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu.

Á Barnaþingi árið 2019 og 2022 fjölluðu börn og ungmenni m.a. um mikilvægi þess að börn hafi jafnan aðgang að þjónustu. Umræða fór fram um tómstundir barna og jafnt aðgengi allra barna að íþróttastarfi að eigin vali, óháð fjárhagslegri stöðu foreldra. Í því samhengi ræddu barnaþingmenn um mikilvægi þess að almenningssamgöngur eins og strætisvagnar séu gjaldfrjálsir. Þá var jafnframt rætt um að börn eigi að geta haft áhrif á starfsemi skóla og mikilvægi þess að öll börn eigi jöfn tækifæri til menntunar.


Í greinargerð með þingsályktunartillögu þessari kemur fram að þegar lýðræðissamfélög þurfi að takast á við sameiginlegar áskoranir móti þau sér stefnu og áætlanir. Sameina þurfi kraftana og brýnt sé að allir hlutaðeigandi komi að samhæfðri úrlausn mála. Stefnumótandi byggðaáætlun snertir hagsmuni barna og ungmenna með fjölbreyttum hætti og brýnt er að þau fái tækifæri til þess að eiga aðkomu að mótun hennar.

Umboðsmaður barna leggur áherslu á að samráð verði haft við börn og ungmenni um þær aðgerðir sem stefnt er að þannig að innviðir og þjónusta mæti þörfum barna og ungmenna.

Börn og ungmenni eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Með þátttöku barna er hægt að greina álitamál og ávarpa hindranir og tækifæri í málefnum barna sem börn hafa einstaka innsýn í.

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna